



# ÁRSSKÝRSLA 2012

## Héraðsskjalasafn Árnesinga

## Annál 2012

Starfsmenn Héraðsskjalasafns Árnesinga höfðu í mörg horn að líta á árinu 2012. Undanfarin tvö ár, þ.e. 2010 og 2011 var sérstök áhersla lögð á söfnun, innskönnun og skráningu ljósmynda og sú var einnig raunin á árinu 2012. Þá var gerð gangskör í eftirliti og ráðgið gagnvart skilaskyldum aðilum, auk þess sem áfram unnið að endurskipulagningu á skjalageymslum safnsins, þróun verkferla við skjalaskráningu í samræmi við alþjóðlega staðla ISAD-G, ISAAR og ISDIAH. Hefðbundin verkefni s.s. skjalaskráning, afgreiðsla erinda og fyrirspurna auk lána á lestrarsal voru einnig með mesta móti.

## Stjórn og starfsmenn

Í árslok tók Héraðsnefnd Árnesinga bs. við af Héraðsnefnd Árnesinga vegna breytinga á Sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011, en löginn tóku gildi 1. janúar 2012. Í kjölfar breytinganna var ákvæðið að stjórnarmenn hinnar nýju héraðsnefndar skildu jafnframt veita þeim stofnunum sem héraðsnefndin rekur forstöðu. Sveinn S. Steinarsson tók því við formennsku í stjórn héraðsskjalasafnsins af Kjartani Björnssyni, en Kjartan var skipaður varaformaður. Tryggi Steinarsson er áfram ritari stjórnar.

Stöðugildi við héraðsskjalasafnið voru fjögur á árinu. Héraðsskjalavörður og skjalavörður í fullu starfi eru Þorsteinn Tryggi Másson og Sævar Logi Ólafsson. Starfsmenn í ljósmyndaverkefni voru: Gunnar Sigurgeirsson, Hallur Karl Hinriksson, Esther Erla Jónsdóttir, Guðlaug Jóna Helgadóttir og Atli Már Hreggviðsson.

## Starfsemi og aðbúnaður

Skráning fyrirspurna og erinda auk lána á lestrarsal var með sama hætti árið 2012 og undanfarin ár. Petta fyrirkomulag gefur góða mynd af þjónustuhlutverki skjalasafnsins gagnvart sveitarfélögum innan og utan sýslumarka, ríkisstofnunum og síðast en ekki síst þjónustu við almenning. Skráningin gefur einnig vísbindingar um hvaða skjöl eða skjalasöfn ráðlegt er að afrita til að tryggja vörlu þeirra. Eitt af framtíðarverk-efnum skjalasafnsins er að gera hluta þessara skjala aðgengileg á heimasiðu safnsins.

Safnastefna héraðsskjalasafnsins markast fyrst og fremst af lögum um Þjóðskjalasafn Íslands nr. 66/1985 og Reglugerð um héraðsskjalasöfn nr. 283/1994. Meginreglan er alltaf að taka við þeim afhendingum sem berað. Ýmis átaksverkefni sem héraðsskjalasafnið tekur þátt í, t.d. samvinnu við önnur skjalasöfn, Félag héraðsskjalavarða Á Íslandi eða sveitarfélög hafa svo aftur áhrif á hverskonar skjalasöfn eru afhent til vörlu á héraðsskjalasafnið.

Fjöldi gesta sem rituðu nafn sitt í gestabók héraðsskjalasafnsins var 1105 en það er með mesta móti allt frá stofnun héraðsskjalasafnsins árið 1985. Flestir voru gestirnir árið 2011, 1271 alls, en þeir voru 840 árið 2010.

Fyrirspurnir og erindi, þ.m.t. lán á sal og afhendingar voru 846, en 615 árið 2011 og 468 árið 2010. Þetta eru aukning um 28% á milli áranna 2011 og 2012, en sé tekið mið af árinu 2010 er aukningin 55%. Afhendingar voru nokkru færri en árinu áður eða 79 í stað 89, en stærri. Lán á sal voru 124 en þarna er aðeins vísað til afhendinga-

© Héraðsskjalasafn Árnesinga 2013

Ritstjórn: Þorsteinn Tryggi Másson og Sævar Logi Ólafsson.

Umbrot: Þorsteinn Tryggi Másson.  
Prófarkalestur: Jón M. Ívarsson.

Allar ljósmyndir eru teknar af starfsmönnum héraðsskjalasafnsins nema annað sé tekið fram.

Forsíðumynd sýnir fyrstu tvær brýrnar sem reistar voru yfir Þjórsá. Sú eldri, hengibrú, var vígð 28. júlí 1895 en hin brúin 10. nóvember 1949. Stálgrindarboginn gefur brúnni tignarlegt yfirbragð. Ljósmyndari Herbert Gränz 2011/21\_HG\_oo866.

Baksiðumynd er frá komu loftpúðaskips, svifnökkva, á Selfoss 30. ágúst 1967, en skipið sigldi upp Ölfusá og fetaði í spor Vanadísinnar. Ljósmyndari Tómas Jónsson 2010/45\_TJ\_o1688.

ISSN 2298 - 1020

númera, ekki fjölda askja eða arka. Beinar fyrirspurnir eða erindi sem kölluðu á afgreiðslu voru 689, þar af 333 vegna skjala í vörlu safnsins en 356 vegna ljósmynda, þ.m.t. aðstoð vegna skráningar á ljósmyndum. 122 fyrirspurnir og erindi komu frá sveitarfélögum, stofnunum þeirra og ríkisstofnunum. Mesta breytingin á síðustu árum tengist þó notkun kirkjubóka en aðeins 33 erindi komu inn á borð vegna ættfræðirannsókna. Eins og þessar tölur bera með sér fer sifellt meiri tími starfsmanna í ýmiskonar þjónustu við notendur héraðsskjalasafnsins.

Á árinu voru skjöl lánud í millisafnalán vegna ritunar sögu Ungmennafélags Biskups-tungna og vegna ymissa sýninga, m.a. vegna afmælis Barnaskólangs á Eyrarbakka og Stokkseyri. Skjöl frá Héraðsskjalasafni Rangeinga og Vestur-Skaftfellinga voru fengin í millisafnaláni vegna rannsókna fræðimanna. Ljóst er að rannsóknir á safn-kosti héraðsskjalasafnsins renna frekari stoðum undir þá sérfræðiþekkingu sem er til staðar á safninu. Nauðsynlegt er að bæta aðstoðu þeirra sem stunda rannsóknir á safninu og þá þarf að huga að rannsóknarskyldum starfsmanna á safnkostinum og mögulegri birtingu á greinum starfsmanna í tengslum við sagnfræðilegar rannsóknir.

Afgreiðslutími skjalasafnsins var óbreyttur frá fyrra ári. Sú hefð hefur skapast gegnum árin að tekið er á móti gestum sem koma utan auglysts opnunartíma. Þessu fyrirkomulagi og opnunartíma safnsins þarf að breyta. Skjalasafnið var lokað vegna sumarleyfa í tvær vikur í júlí.

Skráningu afhendinga sem bárust á árinu 2012 var sinnt jafnóðum. Alls bárust 79 afhendingar, samtals 50,19 hillumetrar. Enn á eftir að ljúka skráningu á nokkrum ljósmyndasöfnum sem voru afhent 2012, en verið er að skrá afhendingar frá Skipulags-

og byggingarfulltrúa uppsveita Árnessýslu og Ölfushreppi. Horft var til ljósmyndasafna þegar kom að skráningu á eldri afhendingum, hluti þessara afhendinga er aðgengilegur á heimasíðu safnsins. Ráðist var í sérverkefni fyrir sýslumannsembættið í Árnessýslu og skráðir og flokkaðir 12,5 hillumetrar. Skjalasafn embættisins er varðveitt á Pjóðskjalasafni



Hlut af ljós-mynda- og filmu-safni Arnórs Karlssonar sem afhent var 2012.

Íslands. Alls voru skráðir 46,97 hillumetrar af skjólum. 30 afhendingar fengu safnmark 1012/ auk afhengingarnúmera en ekki er vitað hvenera þær bárust safninu. Öll skráning skjala var í samræmi við alþjóðlega staðla ISAD-G og ISAAR, sem eru gefnir út af Alþjóða skjalaráðinu. Staðlarnir taka til skjalaskráningar, upplýsinga um skjalamyndara og þau skjöl sem tilheyra viðkomandi afhendinganúmeri. Pessar

upplýsingar eru settar fram í sérstakri greinargerð með hverri afhendingu. Greinargerðirnar og skjalaskrár eru aðgengilegar almenningu á lestrarsal skjalasafnsins nema í þeim tilvikum sem um trúnaðarskjöl er að ræða. En óheimilt er að hafa persónugreinanlegar upplýsingar í skrám sem liggja frammi á lestrarsal. Skráning skjalasafna og gerð greinargerða var eins og áður að mestu í höndum Sævars Loga Ólafssonar skjalavarðar.

Vinnu við endurskipulagningu í skjalageymslum safnsins og frágang á eldri afhendingum í samræmi við áðurnefnda staðla var framhaldið en sú vinna hófst síðla sumars 2011.

Nú voru tengdar saman afhendingar frá fyrstu starfsárum skjalasafnsins, en fyrstu fimm árin var aðfangaskrá handfærð. Pessari vinnu er þó ekki lokið. Meginmarkmið endurskipulagningar á skjalageymslunum er að: Fá fyllra yfirlit yfir safnkostinn í heild sinni, fjölda afhendinga, ástand þeirra, auðvelda leit í skjalasöfnunum o.s.frv. Afhendinganúmer stemma ekki alltaf við þær afhendingar sem búið er að skrá og þá á eftir að skrá nokkuð magn af eldri afhendingum. Í sumum tilfellum hafa afhendingar verið settar saman undir eitt afhendingarnúmer, en ISAD-G og ISAAR gera kröfu um að afhendingar fái einkvæmt númer, en allar afhendingar þarf síðan að endurskrá m.t.t. þessara staðla.

Um langt árabil hefur verið rætt um sameiginlegan skjalaskrágrunn héraðsskjalasafna og Pjóðskjalasafns Íslands. Héraðsskjalasafnið kom að vinnu við skjalaskrár-grunninn haustið 2011, en starfsmenn Pjóðskjalasafns Íslands eiga veg og vanda af hönnun hans. Skjalaskrágrunnurinn er hannaður í samræmi við kröfulegir afhendingar staðla og öll skráning á skjalasafninu fer fram í samræmi við staðlana. Enn er ekki ljóst hvaða framhald verður á þessari vinnu en ljóst að mikil verk er framundan eigi stærstur hluti skjalaskrára héraðsskjalasafnsins að vera aðgengilegar á vefnum. Sá möguleiki er líka fyrir hendi að setja skrár á vefi héraðsskjalasafnsins í pdf skráarformi. Sú leið er bæði tæknilega einföld og ódýr.

18. apríl hófst átaksverkefni ÍSÍ og Félags héraðsskjalavarða á Íslandi um söfnun og skráningu á skjólum íþróttafélaga. Þá voru 100 dagar í Olympíuleikana í London og ÍSÍ fagnaði 100 ára afmæli á árinu. Á blaðamannafundi í upphafi átaksins var hvatt til þess að gætt væri að skjalavörslu íþróttafélaga og tryggt að hún stæðist tímans tónn. Ólafur Rafnsson formaður ÍSÍ fylgdi átakinu úr hlaði með hvatningarordum og



Hallur Karl Hinriksson, myndlistarmaður hannar myndaskilti.

A blaðamannafundi 18. apríl í húskynnum Borgarskjalasafns Reykjavíkur þar sem átaki ISÍ og Félags héraðsskjalavarða á Íslandi var hleypt af stokkunum.



fjallaði m.a. um mikilvægi þess að halda vel utan um skjöl íþróttafélöganna og tryggja að þau séu afhent á viðkomandi héraðsskjalasöfn og séu þar aðgengileg almenningi. Svo vel vill til að afhendingar frá ungmannafélögum í héraðinu skipta tugum, bæði stórar og litlar og þá hefur Héraðssambandið Skarphéðinn einnig afhent skjöl á héraðsskjalasafnið. Jón M. Ívarsson, sagnfræðingur, hefur í þessu sambandi reynst héraðsskjalasafninu ötull bandamaður. Haft var samaband við starfandi íþróttafélög, ungmannafélög, golfklúbba, hestamannafélög, akstursíþróttafélög o.fl. bréflega og þau hvött til að afhenda skjöl á héraðsskjalasafnið. Átta afhendingar bárust skjalasafninu frá íþróttafélögum á árinu sem hægt er að tengja við átaksverkefnið.

Félag héraðsskjalavarða á Íslandi heldur úti heimasiðunni [www.heraðsskjalasafn.is](http://www.heraðsskjalasafn.is) en þar má finna ýmsan fróðleik um héraðsskjalasöfnin 20, tilgang skjalavörslu, skjalavörslu sveitarfélaga, einstaklinga og félaga o.fl. Félag héraðsskjalavarða rennir þannig styrkari stoðum undir þekkingu og fagvitund starfsmanna skjalasafnanna. Ritstjórar vefsins frá byrjun eru Hrafn Sveinbjarnarson héraðsskjalavörður Kópavogs og Þorsteinn Tryggvi Másson.

Samráðshópur Félags héraðsskjalavarða um langtímaðveislu rafrænna skjala fór í heimsókn á Þjóðskjalasafn Íslands í janúar 2012 þar sem farið var yfir stöðu langtímaðveislu rafrænnar skjalavörslu og verkstæði Þjóðskjalasafnsins skoðað. Samráðshóppinn skipa Hrafn Sveinbjarnarson, Héraðsskjalasafni Kópavogs, Svanhildur Bogadóttir, borgarskjalavörður og Þorsteinn Tryggvi Másson.

## Eftirlit og ráðgjöf

Aldrei hefur jafn mikill tími farið í eftirlit og ráðgjöf með skjalavörslu sveitarfélaga og undirstofnanna þeirra og á árinu 2012. Nokkrum tíma var varið í endurskoðun á bréfalyklum þeirra fjögurra sveitarfélaga sem ekki eru með samþykktu bréfalykla. Undir lok árs lagði Sveitarfélagið Árborg fram bréfalykil til samþykktar og ljóst að sveitarfélagið mun taka upp samþykktan bréfalykil á fyrsta ársfjórðungi 2013. Bláskógbabyggð, Hveragerðisbær og Sveitarfélagið Ölfus eru með endurskoðaða málalykla á borði sveitarstjóra. Ef vel gengur munu sveitarfélöginn átta, öll skrá bréf samkvæmt samþykktum bréfalyklum frá árinu 2014. Vinnu við gerð skjalavistunaráætlana tveggja sveitarfélaga hélt áfram, en er ekki lokið.

Mestum tíma var varið í gerð skjalavistunaráætlana fyrir alla grunnskóla í sýslunni. Það mál á sér nokkra forsögu, en um mitt ár 2010 stóð Félag héraðsskjalavarða fyrir ráðstefnu um skjalavörslu leik- og grunnskóla. Í framhaldinu voru haldin tvö námskeið fyrir skólastjórnendur og starfsmenn grunnskóla, í ágúst og október, 2011. Í kjölfarið höfðu skólastjórnendur nokkurra skóla sambandi við héraðsskjalasafnið og vinna við gerð skjalavistunaráætlana hófst. Ný skjalavistunaráætlun var búin til í samráði við Héraðsskjalasafn Kópavogs og var hún kynnt fyrir nokkrum skólastjórnendum vorið 2012. Sumarið var notað til að endurbæta áætlunina enn frekar. Ítarlegar leiðbeiningar um meðferð skjala grunnskóla voru útbúnar auk skilgreininga á skjalaflokkum, þar sem kemur fram með hvaða hætti ber að skrá, prenta og ganga frá skjölum til geymslu. Margt ber að hafa í huga þegar unnið er að gerð skjalavistunaráætlana og í tilfelli grunnskóla er lagaumhverfið flókið og umfangsmikið. Mikilvægt er því að nýta þá sérfræðipekkingu sem er fyrir hendi á héraðsskjalasöfnunum í þessu sambandi auk þess sem góð samvinna við skólayfirvöld á hverjum stað er forsenda þess að vel takist til. Á haustdögum 2012 voru síðan haldnir kynningarfundir með skólastjórnendum nokkurra grunnskóla í sýslunni, þar sem farið var yfir stöðu verkefnisins, markmið og hugmyndir um innleiðingu skjalavistunaráætlunarinnar kynntar o.s.frv. Í kjölfarið var settur á laggignar sam-



Þorsteinn Tryggvi og Sævar Logi fara yfir skjalavistunaráætlun grunnskóla.

starfshópur skólastjórnenda og kennara frá Vallaskóla á Selfossi auk starfsmanna héraðsskjalasafnsins. Þessi hópur hefur fundað reglulega frá því í haust, en nokkrir kennarar hafa unnið í samræmi við skjalavistunaráætlunina. Stefnt er að því að kynna skjalavistunaráætlunina í öllum skólum í sýslunni á vormánuðum 2013 og vonandi munu flestir þeirra starfa eftir henni frá haustinu 2013.

## Sýningar

Skjalasafnið tók þátt í nokkrum sýningum á árinu. Á Safnahelginni á Suðurlandi 1.-4. nóvember opnaði sýning á myntsafni Helga Ívarssonar (1929–2009) bóna og fræðimanns frá Hólum í Stokkseyrarhreppi, í Húsini á Eyrarbakka. Helgi, sem var mjög virkur myntsafnari, erfði Byggðasafn Árnesinga og Héraðsskjalasafn Árnesinga að öllum eignum sínum, lausum og föstum þegar hann lést. Sýningin sem var samvinnuverkefni, skjalasafnsins og Byggðasafns Árnesinga, var opin almenningi í nóvember. Pema sýningaránnar var danskir konungar og myntsláttu. Á sýningunni gaf að líta mynt frá tínum Kristjáns IV. til Kristjáns X. sem var síðasti konungur yfir Íslandi. Þá voru einnig til sýnis ýmsir munir úr innibúi Helga, m.a. skrifborð, ritvél og málverk sem prýddu Hólaheimilið.

Byggðasafn Árnesinga og skjalasafnið munu standa fyrir fleiri samvinnuverkefnum. Þegar er ráðgert að halda sýningu tileinkaða Þórdísi Símonardóttur ljósmóður á Eyrarbakka sumarið 2013 en ýmis skjöl tengd Þórdísi eru í vörslu héraðsskjalasafnsins.

Á Vori í Árborg var gestum boðið að greina fólk á ljósmyndum en að þessu sinni

var sá háttur hafður á að myndirnar voru sýndar á stóru tjaldi í menningarsalnum í Hótel Selfossi. Fjöldi góðra ábendinga bárust sem auðvelda skráningu á ljósmyndum.

Facebook síða héraðsskjalasafnsins var notuð jöfnum höndum til að sýna ljósmyndir og vekja athygli á ljósmyndaverkefni safnsins en fjöldamargar ábendingar og athugasemdir bárust okkur í gegnum síðuna. Föstudagsmyndirnar svokölluðu hafa jafnan vakið mikla eftirtekt og eru góð auglýsing. Venju samkvæmt lagði skjalasafnið til efni á vef Norræna skjaladagsins [www.skjaladagur.is](http://www.skjaladagur.is). Pema dagsins að þessu sinni var íþróttat- og æskulýðsstarf á 20. öld. Starfsemi Ungmennafélagsins Samhygðar í



Sigurgeir Hilmar Friðbjörsson virðir fyrir sér mynt úr safni Helga Ívarssonar í Húsini á Eyrarbakka.



Myndaskilti afhjúpuð við hlið Ráðhússins.  
Kjartan Björnsson,  
Eyþór Arnalds og  
Þorsteinn Tryggvi.

Gaulverjabærjarhreppi var kynnt og þá var umfjöllun um landsmót UMFÍ sem haldið var í Hveragerði 1949 en fágætar myndir frá landsmótinu eru varðveisittar í safni Daniëls Ágústínusarsonar. Þá voru myndir úr safni Tómasar Jónssonar til sýnis á Þórshöfn á Langanesi í samvinnu við Þekkingarnet Þingeyinga.

Aðventusýning hófst svo 1. desember þar sem rúmlega 400 ljósmyndir voru til sýnis á 3 x 2 metra tjaldi. Parna var sýnt brot af þeim mikla fjölda mynda sem afhentar voru á skjalasafnið á undanförnum árum m.a. ljósmyndir Daniëls Ágústínussonar, Eyjólfss Eyjólfsonar, Herberts Gränz, Hjartar Kristinssonar, Jóhanns Þórs Sigurbergssonar, Gunnars Gränz, Miðengissystkinanna, Sigurðar Jónssonar og Tómasar Jónssonar auk mynda úr öðrum afhendingum. Sýningin er útisýning þar sem gestir og gangandi geta skoðað myndir á leið sinni fram hjá húsakynnum skjalasafnsins í gamla verslunarhúsi Kaupfélags Árnesinga.

## Námskeið og fundir

Starfsmenn héraðsskjalasafnsins sóttu bæði námskeið og fundi á árinu, auk þess að koma að skipulagningu námskeiða og fræðslu með ýmsum hætti.

Alþjóðlega skjaladaginn 9. júní bar upp á laugardegi að þessu sinni. Félag héraðsskjalavarða og héraðsskjalasöfnin voru í tilefni dagsins með opið hús föstudaginn 8. júní þar sem þau kynntu starfsemi sína og árangur átaksverkefna sem félagið í samvinnu við skjalasöfnin hefur staðið fyrir síðastliðin ár, þ.e. söfnun á skjölum kvenfélaga, sóknarnefnda og íþróttat- og ungmannafélaga. Söguþing 2012 var í fullum gangi á sama tíma og var Félag héraðsskjalavarða einn af styrktaraðilum þingsins.

Félag héraðsskjalavarða stóð fyrir ráðstefnu fyrir starfsmenn héraðsskjalasafnanna á Akureyri 27. og 28. september í Rósenborg, gamla Barnaskóla Íslands. Á ráðstefnunni



kenndi ýmissa grasa enda hafa starfsmenn héraðsskjalasafnanna í mörg horn að líta eins og dagskrá ráðstefnunnar bar með sér. Skjalavarsla grunnskóla hefur í rúmt ár verið í brennidipli, en Svanhildur Bogadóttir borgarskjalavörður og Þorsteinn Tryggi kynntu vinnu skjalasafnanna við gerð skjalavistunaráætlanu, mismunandi nálgun á verkefnið og samstarf auk þess sem rætt var um innleiðingu skjalavistunaráætlanu og eftirfylgni skjalasafna með skjalavörsu skóla. Fyrri daginn var einnig fjallað um ljósmyndir á skjalasöfnum – skönnun og skráningu, en Hrafnkell Lárusson héraðsskjalavörður Austfirðinga og Þorsteinn Tryggi höfðu umsjón með þeim lið og fjölluðu um verklagsreglur og aðferðafræði við skönnun og skráningu ljósmynda. Þá var líka fjallað um aðfangabækur héraðsskjalasafna, stöðu átaksverkefna Félags héraðsskjalavarða, stöðu safnanna í fræðasamfélaginu, rannsóknir á héraðsskjalasöfnunum og möguleika starfsmanna á að stunda rannsóknir. Um kvöldið var móttaka í boði Akureyrarbæjar í Menningarhúsinu Hofi.

Seinni daginn var flutt erindi um málalykla sveitarfélaga, þar sem málalyklar bæði lítilla og stórra sveitarfélaga voru skoðaðir, bornir saman og hugað að innleiðingu þeirra á landsvísu. Líflegar umræður sköpuðust um lög um opinber skjalasöfn og ríkisframlag til héraðsskjalasafna á annari málstofu. Birna Mjöll Sigurðardóttir héraðsskjalavörður Mosfellsbæjar og Sævar Logi skjalavörður fjölluðu um skráningu lítilla skjalasafna skv. ISAD-G. Fjallað var um grisjun, reglur um grisjun og hreinsun í opinberum skjalasöfnum og Þorsteinn Tryggi fyllaði um verðskrár héraðsskjalasafna og gjaldtökumheimildir. Málstofur um skjalavörsu héraðsskjalasafna og rafræna skjalavörsu sveitarfélaga voru líka haldnar þar sem ýmis sjónarmið voru reifuð. Aðalfundur Félags héraðsskjalavarða var líka haldinn en stjórn félagsins er óbreytt milli ára. Þorsteinn Tryggi situr í stjórn félagsins. Héraðsskjalasafn Akureyrar

var heimsótt og starfsaðstaða og geymslur safnsins skoðaðar í krók og kima. Aðalbjörg Sigmarsdóttir héraðsskjalavörður og Lára Ágústa Ólafsdóttir skjalavörður fá bestu þakkir fyrir gestrisni og þá miklu vinnu sem þær lögðu á sig við skipulagningu ráðstefnunnar. Auk þeirra voru Birna Mjöll Sigurðardóttir, Sigurður Hannesson, Snorri Guðjón Sigurðsson og Þorsteinn Tryggi í undirbúningsnefnd fyrir ráðstefnuna.

Boðað var til fundar á Þjóðskjalasafni Íslands 8. október. Á fundinum voru niðurstöður Þjóðskjalasafns um varðveislu einkaskjalasafna á opinberum skjalasöfnum og öðrum söfnum kynntar. Farið var yfir endurskoðaðar reglur á vörsluútgáfum gagna úr rafrænum gagnakerfum afhendingarskyldra aðila. Þá voru nýir skjalaskápar í einni af geymslum safnsins skoðaðir. Niðurstöður heimsókna starfsmanna Þjóðskjalasafns á héraðsskjalasöfnin á árunum 2010–2012 voru kynntar, en verið er að ljúka gerð skýrslu um heimsóknirnar. Mikilvægt er að skýrslan nýtist héraðsskjalasöfnunum í enn frekari uppbyggingu á þeirri mikilvægu starfsemi sem þar fer fram. Rætt var um Norræna skjaladaginn 2012 og þýðingu hans fyrir skjalasöfnin.

Til tíðinda dró þegar rætt var um ríkisframlag til héraðsskjalasafnanna en fundurinn samþykkti eftirfarandi: *Á fundi Þjóðskjalasafns Íslands og héraðsskjalasafna í Reykjavík þann 8. október 2012 samþykktu eftirtaldir héraðsskjalaverðir og settur þjóðskjalavörður að fara þess að leit við mennta- og menningarmálaráðuneytið að það hlutist til um að Þjóðskjalasafni verði gert kleift að greiða ríkisframlag til héraðsskjalasafns, sem er að fjárlagalið þjóðskjalasafns, fjórum sinnum á ári, þ.e. fyrsta virkan dag febrúar, maí, ágúst og október ár hvort. Undirritaðir skora jafnframt að ráðuneytið beiti sér fyrir hækjun á árlegu framlagi til héraðsskjalasafna enda þurfa þau að glíma við sívaxandi verkefni.* Pessi samþykkt og áskorun til ráðuneytisins er ánægjuleg og löngu tímarbær og má benda á að framlag til héraðsskjalasafnanna var hækkað á fjárfamlögum nú á milli ára. En betur má ef duga skal og ef tekið er mið af framlagi ríkisins til héraðsskjalasafnanna fyrir 2008 og núna.

Af öðrum málum sem voru á dagskrá fundarins má nefna sameiginlega rafræna skjalaskrá, *Lísu*, eins og hún er kölluð. Enn er ekki ljóst hvaða kostnaður fellur á þau héraðsskjalasöfn sem munu taka þátt í verkefninu, en brýnt er að niðurstaða fáist í það mál sem fyrst. Þrátt fyrir að starfsmenn Mennta- og menningarmálaráðuneytisins sáu sér ekki fært að sækja fundinn og kynna drög að lögum um opinber skjalasöfn



var af hálfi héraðsskjalavarða vakið mál á væntanlegri lagasetningu og mikilvægi þess að staða héraðsskjalasafnanna sé styrkt með lögunum. Sjálfstæði héraðsskjalasafnanna verður að virða og festa þarf í lög skilaskyldu á skjölum sveitarfélaga og undirstofnana þeirra til héraðsskjalasafna óháð áritunarformi skjalanna, þ.e.a.s. rafræn skjöl sveitarfélaga skulu þá afhent á héraðsskjalasöfnin. Þá þarf lagasetningin að tryggja eftirlitshlutverk héraðsskjalasafnana með skilaskyldum stofnunum í héraði.

Ýmsar hugmyndir um sameiginleg verkefni héraðsskjalasafna og Þjóðskjalasafns voru reifaðar á fundinum en í því sambandi verður að huga að valdmörkum á milli ríkis og sveitarfélaga svo ekki sé talað um á milli einstakra stofnana, skjalamyndara, og sveitarfélaganna. Hugmynd um sameiginlega vörlu á öllum gögnum úr Mentor á rafrænu formi var varpað fram af starfsmönnum Þjóðskjalasafns. Þegar hafa verið gerðar ráðstafanir á Héraðsskjalasafni Árnesinga í tengslum við skjalavistunar-áætlanir grunnskóla og vörlu gagna í Mentor. Sú lausn sem við leggjum til er bæði einföld, ódýr og skilvirk í framkvæmd og hafa þeir skólastjórnendur sem tóku þátt í þróun skjalavistunaráætlunarinnar lýst ánægju sinn með lausn þessara mála.

Ólafur Ásgeirsson, sem baðst lausnar frá starfi þjóðskjalavarðar frá og með 1. júní 2012, kom á fundinn og þakkaði fyrir samstarfið við héraðsskjalaverði í rúman aldarfjórðung. Ólafi er hér þakkað samstarfið við starfsmenn og forstöðumenn Héraðsskjalasafns Árnesinga allt frá stofnun þess 1985 en það ár hóf Ólafur störf sem þjóðskjalavörður.

Þá flutti Þorsteinn Tryggi fjölda erinda hjá ýmsum félagasamtökum viða í sýslunni þar sem starfsemi safnsins og ljósmyndaverkefnið voru kynnt.

## Ljósmyndaverkefni

Héraðsskjalasafn Árnesinga og héraðsskjalasöfnin á Egilsstöðum og á Sauðárkróki fengu úthlutað 15.000.000 krónum á fjárlögum til atvinnuskapandi verkefnis við skönnun og skráningu á ljósmyndum árið 2012. Forsaga verkefnisins nær þó aftur til haustsins 2010 þegar skipuleg söfnun á ljósmyndum fór af stað undir stjórn Gunnars Sigurgeirssonar um leið og sótt var um styrk til sama verkefnis fyrir árið 2011.

Fimm starfsmenn voru ráðnir til skjalasafnsins í tengslum við verkefnið á árinu, í tvö stöðugildi. Þau: Hallur Karl Hinriksson myndlistarmaður, Gunnar Sigurgeirsson ljósmyndari, Esther Erla Jónsdóttir, Guðlaug Jóna Helgadóttir og Atli Már Hreggviðsson. Umsjón og stjórnun er í höndum Sævars Loga og Þorsteins Tryggyva. Samanlagt eru þetta u.þ.b. 2,4 stöðugildi á ársgrundvelli. Á skjalasöfnunum þremur var gert ráð fyrir sex stöðugildum. Pessum hluta verkefnisins lýkur á fyrsta ársfjórðungi 2013. Forstöðumenn skjalasafnanna þriggja sóttu aftur um styrk til Alþingis og veitti Mennta- og menningarmálaráðuneyti 15.000.000 til verkefnisins fyrir árið 2013. Þá styður Sveitarfélagið Árborg verkefnið einnig árinu 2013. Velvilji og framsýni Sveitarfélagsins Árborgar, Menningarráðs Suðurlands, Alþingis og Mennta- og menningarmálaráðuneytis hefur skipt sköpum og ber að þakka.



Guðlaug Jóna Helgadóttir skráir ljósmyndir með aðstoð frá Tómasi Jónssyni og Gunnari og Garðari Einarssonum.

Strax haustið 2010 var ákveðið að samræma verkferla við skönnun og skráningu á skjalasöfnunum þremur. Myndir eru skannaðar inn í 300 punkta upplausn í stærðinni 210 x 297 mm (A4). Skráarformið er TIFF og eru allar myndir varðveisittar á því formi. TIFF er kerfisiháð skráarform og þjappar ekki myndum sbr. JPEG eða JPEG – 2000.

Skjalasöfnin héldu fjölda samráðsfunda á árinu í tengslum við verklag við skönnun, skráningu og birtingu ljósmynda á vefsíðum. Þær upplýsingar sem koma fram við skráningu eru m.a.: Safnmark, heiti ljósmyndara, myndatexti með upplýsingum um myndefni, fæðingar- og dánarár og ítarupplýsingar þegar við á, auk tímasetningar á mynd. Horft er sérstaklega til leitar í ljósmyndasöfnunum þegar verið er að skrá myndirnar, en leitin þarf bæði að vera skilvirk og fljóttleg. Áhugi á ljósmyndum er mikill ef marka má viðbrögð fólks vegna verkefnisins, en fjöldi fólks hefur lagt okkur lið við skráningu. Tómas Jónsson notaði 1047 klukkustundir í skráningu á ljósmyndasafni sínu á árinu. Aðrir ljósmyndarar hafa líka lagt okkur lið, má þar helst nefna Gunnar Gránz og Jóhann Pór Sigurbergsson. Fjöldi gesta hefur einnig lagt okkur lið á árinu, þar fara fremstir í flokki bræðurnir Gunnar og Garðar Einarssynir sem hafa farið yfir þúsundir mynda ásamt starfsmönnum safnsins. Skráning ljósmynda byggir á heimildavinnu starfsmanna en er á sama tíma samvinnuverkefni almennings, þeirra sem best þekkja til og okkar. Aðgengi að ljómyndunum á myndasíðu mun vafalitið auk enn á þátttöku almennings þegar kemur að skráningu á ljósmyndum.

Á árinu 2012 voru skannaðar inn 19.732 ljósmyndir, en 15.794 myndir voru skráðar. Samtals var þá búið að skanna 44.326 ljósmyndir en skrá 29.062. Um 20.000 myndir voru afhentar á skjalasafnið á árinu. Ætla má að á milli 90.000 og 100.000 óskannaðar ljósmyndir séu í vörlu safnsins en á árinu 2012 voru tæplega 10.000 myndir úr eldri afhendingum skannaðar. Fjöldi skannaðra mynda á árinu er nokkru lægri en árið áður. Ástæður þess eru stærri myndir og tímafrekari vinnsla við litgreiningu.

Petta eru mest 30 til 45 ára gamlar slides og 35 mm filmur þar sem litajafnvægi hefur raskast, fyrst og fremst vegna aldurs á filmunum. Skönnun og litgreining er því ekki aðeins spurning um aðgengi og skráningu, það má skilgreina þessa vinnu og hið nýja rafræna eintak af hverri ljósmynd sem einskonar forvörlu.

Mikið hefur verið rætt um aðgengi almennings og sveitarfélaga að ljósmyndum á skjalasafnин. Í samstarfi við Sveitarfélagið Árborg voru hönnuð átta ljósmynda-skilti, 130x150 sm. sem sett voru upp í miðbæ Selfoss og á íþróttasvæði bæjarins fyrir Unglingalandsmót UMFÍ sem fram fór í bænum sumarið 2012. Á skiltunum var brugðið upp svipmyndum úr bæjarlífinu, af Ölfusárbrú, árfloðunum, veidi í ánni, Mjólkurbú Flóamanna, Kaupfélagi Árnesinga og íþróttalífi í bænum.



Skálholtskirkja.  
Upprunaleg mynd  
efst til vinstrí,  
fyrsta litgreining  
efst til hægri,  
ríspuhreinsun  
neðst til vinstrí  
og loka litgreining  
neðst til hægri.

Í desember var opnuð tilraunaútgáfa á myndavef safnsins, *myndasetur.is* en ljósmyndir í vörslu skjalasafnsins verða aðgengilegar þar. Skjalasafnið festi kaup á öllum tækni- og hugbúnaði sem var nauðsynlegur í þessu sambandi og verður heimasiðan hýst í húsakynnum safnsins. Petta er gert til að lágmarka rekstarkostnað vegna heimasiðunnar. Ætlunin er að heimasiðan opni formlega vorið 2013 en verði opin almenningu frá og með janúar. Hönnun heimasiðunnar var í höndum Þorsteins Tryggva en myndavefurinn sjálfur er frá Fotoweb. Myndasetur.is er stórt framfaraskref þegar horft er til aðgengis að ljósmyndum. Pað verður spennandi að fylgjast með þróun vefsins og viðbrögðum almennings.

## Stofnbúnaður og tæknimál

Lokið var við að endurnýja eldri tölvur skjalasafnsins. Fest voru kaup á netþjóni og nauðsynlegum hugbúnaði til að hýsa heimasiðu safnsins, *myndasetur.is*. Hugbúnaðurinn er eins og áður sagði frá Fotoweb og tengir saman skráningu á ljósmyndum og vefviðmót.

Unnið var að því að tryggja enn frekar rafræn skjöl safnsins og ljósmyndir á rafraenu formi en afrit allra rafrænna skjala verður bæði vistuð í eldvörðum geymslum safnsins og utan þess. Vert er að benda á að skjalaskrár ásamt greinargerðum, aðfangabók skjalasafnsins, bréfasafn o.fl. er prentað út og varðveitt á pappír.

## Rekstraryfirlit Héraðsskjalasafns Árnesinga 2012

Rekstrartekjur safnsins voru 24.923.401 kr. en rekstrargjöld auk stofnbúnaðar 24.596.161 kr. Rekstrarhagnaður ársins var 345.374. Arfur Helga Ívarssonar skilar 124.107 kr. hagnaði.

	2012 SKJALASAFN	2012 ARFUR	REKSTUR SAMTALS
<i>Rekstrartekjur:</i>			
HÉRAÐSNEFND ÁRNEISINGA	13.700.000		13.700.000
RÍKISSJÓÐUR ÍSLANDS	573.335		573.335
RÍKISSJÓÐUR ÍSLANDS LJÓSM.	5.000.000		5.000.000
MENNINGARRÁÐ SUÐURLANDS	1.350.000		1.350.000
SELD ÞJÓNUSTA	1.364.440		1.364.440
SV. ÁRBORG STYRKUR	2.935.626		2.935.626
SELD ÞJÓNUSTA/HÚSALEIGA		510.000	510.000
SAMTALS	24.923.401	510.000	25.433.401

	Rekstrargjöld:	
LAUN OG LAUNATENGD GJÖLD	20.075.100	20.075.100
ANNAR REKSTRARKOSTN.	5.271.061	141.403
FRAMLAG ARFS TIL REKSTAR	( 750.000)	750.000
AFSKRIFTIR		290.625
SAMTALS	24.596.161	1.182.028

	Hagnaður (tap) fyrir fjármagnsliði	
	327.240	( 672.028)



	Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	
VAXTATEKJUR	32.514	796.135
VAXTA OG FÆRSLUGJÖLD	( 14.380)	0
SAMTALS	18.134	796.135

	HAGNAÐUR (TAP) ÁRSINS	
	345.374	124.107

Miðengissystkinin,  
Guðmundur lengst  
til vinstri og Guð-  
munda í ljósum  
buxum ásamt  
ferðafélögum.  
2000/6ME 01442.



Bill frá Steindóri  
við veitingahúsið  
Þrástalund í  
Grímsnesi. Eyjólfur  
Eyjólfsson tók  
myndina.  
2003/33 EE 00972.



Eitt af mynda-  
skiltum sem  
unnin voru í  
samvinnu við  
Sveitarfélag Íð  
Árborg. Hallur  
Karl Hinriksson  
myndistarmaður  
sá um hönnun.

## Við brúarsporðinn By the bridge

### Skjöl afhent Héraðsskjalasafni Árnesinga 2012

Fremst í skránni er afhendingarnúmer, þá heiti skjalasafns, umfang í hillumetrum og nafn þess sem afhenti. Fullunnar skjalaskrár eru aðgengilegar á lestrarsal skjalasafnsins. Aðgangur að opinberum skjólum er skv. upplýsinga-, persónuverndar-, og stjórnsýslulögum. Hægt er að semja um aðgengi að einkaskjalasöfnum.

- 2012/1 UNGMENNAFÉLAG HRUNAMANNA. 0,03 hillumetrar – Jón M. Ívarsson afhenti.
- 2012/2 TÓMAS JÓNSSON – LJÓSMYNDIR. 0,30 hillumetrar – Tómas Jónsson afhenti.
- 2012/3 GUNNAR GRÄNZ. LJÓSMYNDIR. 0,03 hillumetrar – Gunnar Gränz afhenti.
- 2012/4 UNGMENNAFÉLAGID BALDUR. 0,03 hillumetrar – Sigríður Guðjónsdóttir afhenti.

2012/5 STARFSMANNAFÉLAG ÁRBORGAR. 0,35 hillumetrar – Sveitarfélag Íð Árborg afhenti.

2012/6 EGILL GUÐJÓNSSON OG GUÐRÚN PÁLSDÓTTIR. 0,03 hillumetrar – Svanborg Egilsdóttir afhenti.

2012/7 RÆKTUNARSAMBAND FLÓA OG SKEIÐA. 0,80 hillumetrar – Frímann Helgason f.h. Ræktunarsambands Flóa og Skeiða afhenti.

2012/8 HREPPSTJÓRINN Í SELVOGI. 0,06 hillumetrar – Þórður Steinsson afhenti.

2012/9 MENNINGARSAMTÖK SUNNLENDINGA. 0,08 hillumetrar – Samtök Sunnlenskra sveitarfélaga afhenti.

2012/10 LEIKFÉLAG SELFOSS. 0,05 hillumetrar – Leikfélag Selfoss, Svanhildur Karlssdóttir afhenti.

2012/11 GUÐMUNDUR LÝÐSSON – LJÓSMYNDIR. 0,03 hillumetrar – Guðmundur Lýðsson afhenti.

2012/12 BÖÐVAR STEFÁNSSON – VIÐTAL. 0,03 hillumetrar – Böðvar Stefánsson afhenti.

2012/13 ÁRNI GUÐMUNDSSON – LJÓSMYNDIR. 0,05 hillumetar – Bárður Árnason afhenti.  
 2012/14 VALGEIR BJÖRNSSON VERKFRAÐINGUR. 0,05 hillumetar – Borgarskjalasafn Reykjavíkur afhenti.  
 2012/15 JÓHANN ÞÓR SIGURBERGSSON – LJÓSMYNDIR. 0,20 hillumetar – Jóhann Þór Sigurbergsson afhenti.  
 2012/16 OTTRÓ EYFJÖRD ÓLASON – LJÓSMYNDIR. 0,03 hillumetar – Georg Ottósson afhenti.  
 2012/17 BISKUPSTUNGNAHREPPUR. 2,95 hillumetar – Bláskógabyggð afhenti.  
 2018/18 GRUNNSKÓLI BLÁSKÓGABYGGÐAR. 0,38 hillumetar – Grunnskóli Bláskógabyggðar, Hrund Harðardóttir skólastjóri afhenti.  
 2012/19 RAGNAR BÖÐVARSSON. 0,15 hillumetar – Ragnar Böðvarsson afhenti.  
 2012/20 BJÖRGVIN MAGNUSSON, KLAUSTURHÓLUM. 0,03 hillumetar – Jón M. Ívarsson afhenti.  
 2012/21 HREPPSTJÓRINN Í GRÍMSNESREPPI. 0,05 hillumetar – Böðvar Pálsson, Búrfelli afhenti.  
 2012/22 KVENFÉLAG VILLINGAHOLTSHREPPS. 0,06 hillumetar – Aðalheiður Sveinbjörnsdóttir afhenti.  
 2012/23 BÆJARBLAÐIÐ – LJÓSMYNDIR. 0,08 hillumetar – Kolbrún Guðnadóttir afhenti.  
 2012/24 HESTAMANNAFÉLAGÐI SLEIPNIR. 1,0 hillumetri – Hestamannafélagið Sleipnir, Ingibjörg Stefánsdóttir afhenti.  
 2012/25 GUÐRÚN FILIPPUSDÓTTIR OG EINAR BJARNASON Í HÁFSHJÁLEIGU. 0,03 hillumetar – ORG ættfræðiþjónusta, Oddur Helgason afhenti.  
 2012/26 LISTASAFN ÁRNESINGA. 0,06 hillumetar – Listasafn Árnisinga, Inga Jónsdóttir afhenti.  
 2012/27 GUNNAR HALLDÓRSSON, SKEGGJASTÖÐUM. 0,03 hillumetar – Sigríður Guðjónsdóttir afhenti.  
 2012/28 VERKALÝÐSFÉLAGÐ BÁRAN. 1,65 hillumetar – Þjónustuskrifstofa stéttarfélaga á Suðurlandi, Þór Hreinsson afhenti.  
 2012/29 STEFÁN A. JÓNSSON – LJÓSMYND. 0,03 hillumetar – Stefán A. Jónsson afhenti.  
 2012/30 GUÐRÚN GUÐJÓNSDÓTTIR – LJÓSMYND. 0,01 hillumetar – Ragnheiður B. Sigurðardóttir.

2012/31 ÁRNI GUÐMUNDSSON OG LIONSKLÚBBUR SELFOSS. 0,03 hillumetar – Bárður Árnason afhenti.  
 2012/32 ÞJÓRSÁRSKÓLI. 0,6 hillumetar – Þjórsárskóli, Bolette Höeg Koch skólastjóri afhenti.  
 2012/33 HESTAMANNAFÉLAGÐI SLEIPNIR – LJÓSMYNDIR. 0,03 hillumetar – Hestamannafélagið Sleipnir, Kjartan Ólafsson afhenti.  
 2012/34 GUÐJÓN SIGFÚSSON FRÁ EYRARBAKKA. 0,06 hillumetar – Guðbjörg Guðjónsdóttir afhenti.  
 2012/35 FRIDSEMD EIRÍKSDÓTTIR – LJÓSMYNDIR. 0,03 hillumetar – Friðsemð Eiríksdóttir afhenti.  
 2012/36 UNGMENNAFÉLAG ÖLFUSINGA. 0,03 hillumetar – Guðmundur Jónsson afhenti.  
 2012/37 RÆKTUNARSAMBANDIÐ KETILBJÖRN. 0,03 hillumetar – Svavar Sveinsson afhenti.  
 2012/38 STEFÁN ÖGMUNDSSON FRÁ ODDGEIRSHÓLUM. 0,06 hillumetar – Sigmundur Stefánsson afhenti.  
 2012/39 LEIKSKÓLINN ÁLFHEIMAR. 1,4 hillumetar – Leikskólinn Álfheimar, Ingibjörg Stefánsdóttir leikskólastjóri afhenti.  
 2012/40 HJALTÍ GESTSSON. 0,15 hillumetar – Unnur Hjaltadóttir afhenti.  
 2012/41 FJÁRSKIPTIN Í HRAUNGERÐISHREPPI. 0,03 hillumetar – Árni Oddgeir Guðmundsson afhenti.  
 2012/42 BJÓRN INGI BJÖRNSSON – LJÓSMYNDIR. 0,03 hillumetar – Björn Ingi Björnsson afhenti.  
 2012/43 LEIKSKÓLINN ÁRBÆR. 0,16 hillumetar – Leikskólinn Árbær, Kristín Eiríksdóttir leikskólastjóri afhenti.  
 2012/44 GUÐRÚN ODDSDÓTTIR – LJÓSMYNDIR. 0,03 hillumetar – Ingi Sæmundsson afhenti.  
 2012/45 DAGBÓK HRAUNGERÐI Á EYRARBAKKA. 0,03 hillumetar – Guðmundur Sigurjónsson afhenti.  
 2012/46 KVENFÉLAG VILLINGAHOLTSHREPPS. 0,3 hillumetar – Sólveig Þórðardóttir, Skúfslæk afhenti.  
 2012/47 SÓKNARNEFND VILLINGAHOLTSSÓKNAR. 0,92 hillumetar – Sólveig Þórðardóttir, Skúfslæk afhenti.

2012/48 ÍPRÓTTAFÉLAGÐI HAMAR, KNATTSPYRNUDEILD. 0,03 hillumetar – Knattspyrnuudeild Hamars, Hjörtur Sveinsson afhenti.  
 2012/49 FLÚÐABÍÓ. 0,03 hillumetar – Stefán Þorleifsson afhenti.  
 2012/50 GARÐAR JÓNSSON OG MÓEIDUR HELGADÓTTIR – LJÓSMYNDIR. 0,25 hillumetar – Kristín Ólafsdóttir afhenti.  
 2012/51 GUÐMUNDA JÓNSDÓTTIR – LJÓSMYNDIR. 0,06 hillumetar – Jón Steindórsson afhenti.  
 2012/52 LESTRARFÉLAG STÓRA-NÚPSSÓKNAR. 0,03 hillumetar – Þjórsárskóli, Bolette Höeg Koch skólastjóri afhenti.  
 2012/53 GRUNNSKÓLINN Í HVERAGERÐI – SÉRKENNLSLUGÖGN. 0,08 hillumetar – Grunnskólinn í Hveragerði afhenti.  
 2012/54 STEFÁN VALDIMARSSON – LJÓSMYNDIR. 0,08 hillumetar – Kristján Einarsson afhenti.  
 2012/55 ÁRNÓR KARLSSON – LJÓSMYNDIR. 0,60 hillumetar – Ólöf Karlssdóttir afhenti.  
 2012/56 KAUPFÉLAGÐI HÖFN/ÞRÍHYRNINGUR. 0,5 hillumetar – Baldur Róbertsson afhenti.  
 2012/57 TÓNLISTARKÓLI ÁRNESINGA. 7,5 hillumetar – Tónlistarkóli Árnésinga afhenti.  
 2012/58 LINDARFÉLAGÐI Á LAUGARVATNI. 0,03 hillumetar – Lindarfélagið á Laugarvatni, Óskar H. Ólafsson afhenti.  
 2012/59 KIWANISKLÚBBURINN BÚRFELL. 0,08 hillumetar – Hjörtur Þórarinson afhenti.  
 2012/60 BJARNI ÞÓRHALLSSON. 0,08 hillumetar – Bjarni Þórhallsson afhenti.  
 2012/61 BJÖRK Í SANDVÍKURHREPPI. 0,06 hillumetar – Guðmundur Jónsson, Björk afhenti.  
 2012/62 KOLBEINN I. KRISTINSSON. 0,12 hillumetar – Baldur Róbertsson afhenti.  
 2012/63 SIGURÐUR ÓLI ÓLAFSSON. 0,08 hillumetar – Baldur Róbertsson afhenti.  
 2012/64 VÉLBÁTAÁBYRGDAFÉLAGÐI HEKLA. 0,03 hillumetar – Björn Pálsson afhenti.  
 2012/65 UNGMENNAFÉLAG LAUGDÆLA. 0,03 hillumetar – Pétur Ingi Haraldsson afhenti.  
 2012/66 ÖLFUSHREPPUR. 23,0 hillumetar – Sveitarfélagið Ölfus afhenti.

2012/67 BARNASKÓLINN Á EYRARBAKKA. 0,35 hillumetar – Barnaskólinn á Eyrarbakka og Stokkseyri, Hafðis Sigurjónsdóttir bókvörður afhenti.  
 2012/68 EYGLÓ JÓNA GUNNARSDÓTTIR OG INGVAR D. EIRÍKSSON – LJÓSMYNDIR. 0,03 hillumetar – Eygló Jóna Gunnarsdóttir afhenti.  
 2012/69 EYJÓLFUR EYJÓLFSSON, HVERAGERÐI. 0,06 hillumetar – Egill Gústafsson afhenti.  
 2012/70 SKIPULAGS- OG BYGGINGAFULLTRÚI UPPSVEITA ÁRNESSÝSLU OG FLÓAHREPPS. 3,50 hillumetar – Skipulags- og byggingafulltrúi uppsveita Árnnessýslu og Flóahrepps afhenti.  
 2012/71 UNNUR SIGURSTEINSDÓTTIR, KVENFÉLAG SELFOSS – LJÓSMYNDIR. 0,06 hillumetar – Sigmundur Stefánsson afhenti.  
 2012/72 ANDRÉS PÁLSSON HJÁLMSSTÖÐUM Í LAUGARDAL – LJÓSMYNDIR. 0,03 hillumetar – Ragnhildur Sævarsdóttir afhenti.  
 2012/73 SIGURÐUR ANDERSEN. 1,0 hillumetar – Óðinn Andersen afhenti.  
 2012/74 FRÉTTABRÉF SKEIDA- OG GNÚPVERJAHREPPS. 0,03 hillumetar – Skeiða- og Gnúpverjahreppur afhenti.  
 2012/75 UNGMENNAFÉLAGÐI HVÖT, HVATARBLAÐIÐ. 0,03 hillumetar – Ungmennafélagið Hvöt, Grímsnesi afhenti.  
 2012/76 ÁVEITAN, FRÉTTABRÉF UNGMENNAFÉLAGANA BALDURS, SAMHYÐAR OG VÖKU Í FLÓAHREPPI. 0,03 hillumetar – Ungmennafelöginn Baldur, Samhygð og Vaka afhentu.  
 2012/77 BLÁSKÓGAFRÉTTIR. FRÉTTABRÉF BLÁSKÓGABYGGÐAR. 0,03 hillumetar – Sveitarfélagið Bláskógabyggð afhenti.  
 2012/78 ELJAN, BLAD VERSLUNARMANNAFÉLAGS SUÐURLANDS OG BÁRUNNAR STÉTTARFÉLAGS. 0,03 hillumetar – Þjónustuskrifstofa Stéttarfélaga á Suðurlandi, Þór Hreinsson afhenti.  
 2012/79 UNGMENNAFÉLAGÐI VAKA. 0,03 hillumetar – Ungmennafélagið Vaka afhenti.

# HÉRAÐSSKJALASAFN ÁRNESINGA

Austurvegi 2 • 800 • Sími 482 1259 • Kennitala 630189-2849

myndasetur.is

heradsskjalasafn@heradsskjalasafn.is

Opnunartími

mánudaga til föstudaga kl. 10:00 - 16:00  
miðvikudaga lokað

## Stjórn safnsins

Sveinn Steinarsson, stjórnarformaður

Kjartan Björnsson, varaformaður

Tryggvi Steinarsson, ritari

## Starfsmenn skjalasafnsins

Þorsteinn Tryggvi Másson, héraðsskjalavörður

*thorsteinn@heradsskjalasafn.is*

Sævar Logi Ólafsson, skjalavörður

*saevar@heradsskjalasafn.is*

Guðlaug Jóna Helgadóttir, ljósmyndasafn

Jóhann Ólafur Sigurðsson, ljósmyndasafn

